

Guðmundur Ingi Þorvaldsson er 43 ára í dag

Heldur upp á afmæli frænda sinna í dag

Ég er akkúrat staddur uppi á fjöllum núna í Þríhnúkagíg,“ segir Guðmundur Ingi Þorvaldsson, leikari og handritshöfundur, þegar blaðamaður ræddi við hann í gær, en hann á 43 ára afmæli í dag. „Ég ákvað að taka nokkrar vaktir þar til að komast upp á fjöll. Annars er ég að skrifa tvö handrit fyrir svið, annað er fyrir leikhópinn Vinnsluna og hitt er handrit sem ég fékk listamannalaun fyrir og fjallar um erfðasýndina og karlmennsku. Svo er ég einnig í hópi sem er að skrifa sjónvarpsþætur. Næsta verk sem ég leik í verður SUSSE! á vegum leikhópsins RaTaTam en það fjallar um heimilisofbeldi og verður frumsýnt í Tjarnarbíói 21. október.



Morgunblaðið/Kristinn

Leikarinn Guðmundur Ingi fyrir utan Tjarnarbíói en hann stígur þar á svið í haust.

Í upphafi árs var Guðmundur Ingi tilnefndur fyrir bestan leik í kvikmyndinni Chasing Robert Barker á National Film Awards, sem eru helstu kvikmyndaverðlaun Indverja en eru einnig orðin alþjóðleg. Leikarinn Tom Hiddleston hreppti verðlaunin en Chasing Robert Barker var valin besta hasarmyndin. „Kvikmyndin var frumsýnd í Bretlandi í gærkvöld og það verður gaman að sjá hver viðbrögðin verða.“

Guðmundur Ingi hefur mikið starfað í Bretlandi og segir að allir vinir hans séu miður sín yfir úrslitunum þar í þjóðaratkvæðagreiðslunni. „Mig rennir í grun að fjármálaelítan vilji ekki að Evrópusambandið setji löggjöf yfir það hvernig á að fara með peningana sína. Þessar skattþaradísir fara aðallega í gegnum Bretland.“

Afmælisdagur Guðmundar Inga hefst á því að hann fer að kjósa í forsetakosningunum og svo heldur hann vestur á Rif á Snæfellsnesi ásamt fjölskyldu sinni, Heiðu Aðalsteinsdóttur landslagsarkitekt og Aðalsteini Inga fimm og hálfis árs gömlum risaeðlufræðingi. „Þessi dagur, 25. júní, er merkilegur því það eru svo margir í fjölskyldunni sem eiga afmæli. Ég er að fara í 110 ára afmælisveislu því föðurbróðir minn verður sjötugur og sonur hans verður fertugur. Svo á systir mín líka afmæli þennan dag. Á Rif í verður öll stórfjölskyldan og það verður bara dásamlegt að hitta hana.“

Íslendingar Kjartan Gunnar Kjartansson, Pétur Atli Lárusson islendingar@mbl.is
Ábendingar um brúðkaup, afmæli, barnsfæðingar og önnur tímamót í lífi fólks má senda á netfangið islendingar@mbl.is. Einnig geta þeir, sem óska eftir því að nafn þeirra birtist ekki í þessum dálkum, sent beiðni þar að lútandi á sama netfang.

• Unnið í samvinnu við viðmælendur.

Stefán Hilmarsson, söngvari og tónlistarmaður – 50 ára



Í hita sviðsljóssins Stefán hefur verið einn vinsælasti poppsöngvari hér á landi frá því að Sálín fór á kreik.

Sálín í Sálinni að eilífu

Stefán fæddist í Reykjavík 26.6. 1966 og ólst upp frá níu ára aldri í Mávahlíð 42, hjá móðurömmu sinni, Láru Helgu Gunnarsdóttur föstru. Hann var í Hlíðaskóla, lauk stúdentsprófi frá Kvinnaskólanum 1986 og stundaði nám í stjórnmálafræði við HÍ 2001-2004.

Stefán var snemma tónelskur, en kom þó lítið nálægt tónlist á yngri árum. Hann lét fyrst að sér kveða árið 1986, með Sniglabandinu. Ári síðar söng hann lagið 18 rauðar rósir sem náði vinsældum og á sama tíma flutti hann nokkur lög fyrir Sverri Stormsker, sem leiddi til þess að hann söng framlag Íslands í Evróvisjón 1988.

Sama ár var hljómsveitin Sálín hans Jóns míns stofnuð, með Stefán í fararbroddi, en hún hefur starfað linnulítið síðan og er með langlífustu og vinsælastu hljómsveitum íslenskrar popptónlistarsögu. Stefán hefur starfað með ýmsum



Mæðgin Anna Björk og Steingrímur nýbúin að fara holu í höggi.



Líkir feðgar Stefán með eldri syninum, honum Birgi Steini.

öðrum hljómsveitum í gegnum árin og hefur sungið með ýmsum tónlistarmönnum og má þá helst nefna samstarf hans og Eyjólf Kristjánssonar, sem hófst með þátttöku þeirra í Evróvisjónkeppninni árið 1991, en þeir hafa

sent frá sér tvær plötur saman. Þá hefur Stefán sungið fjölda laga inn á hljómplötur og í kvikmyndum, jafnt eigin lög sem annarra. Flest lög hefur hann hljóðritað með Sálinni, sem hefur sent frá sér 14 plötur og átt fjölmörg vinsæl lög, en

Hlutavelta



Vinkonurnar Hólmás Rut og Nína Rut bjuggu til skrautmuni úr steinum og könglum sem þær gengu með í hús og seldu. Þær söfnuðu með því 1.405 krónum sem þær styrktu Rauða krossinn með.

Börn og brúðhjón

Á opnunni „Íslendingar“ í Morgunblaðinu er sagt frá merkmum viðburðum í lífi fólks, svo sem stórafmælum, hjónavígslum, barnsfæðingum og öðrum tímamótum.



Allir þeir sem senda blaðinu mynd af nýjum borgara eða mynd af brúðhjónum fá fría áskrift að Morgunblaðinu í einn mánuð.

Hægt er að senda mynd og texta af slóðinni mbl.is/islendingar eða á islendingar@mbl.is

Morgunblaðið

gefðu Garmin

GARMIN

Farðu skrefinu lengra með Fenix

Sama hver takmörk þín eru, farðu skrefinu lengra með Fenix 3 snjallúrinu frá Garmin

GPS úr á hendi sem er fullkomið í útivistina, þrjúbraut, á skíði eða aðrar íþróttir sem gerir það einstakt með sinni glæsilegu hönnun.

Fenix 3 er einnig snjallúr sem upplýsir þig um hver er að hringja, sérð skilaboð og aðrar tilkynningar frá símanum án þess að fálma eftir honum í vasan. Með Garmin Connect fylgist þú með árangrinum, sækir ný forrit fyrir úrið eða klukkuskífur.


Fenix 3 er úrið fyrir kröfuharða íþróttamenn, útivistarfólk og alla sem líkar vandað og fallett úr.

Verð frá 74.900

GARMINBÚÐIN

Ögurharfi 2, 203 Kópavogur, sími 577 6000, garmin.is

Úr frændgarði Stefáns Hilmarssonar



sjálfur hefur Stefán sent frá sér sex sólóplötur. Stefán er í hópi afkastameiri lagahöfundu s.l. 30 ár en skráð verk hans hjá STEFi eru hart nær þrjúhundruð talsins. Hann hefur samið fyrir fjölmarga aðra en sjálfan sig og sínar hljómsveitir, s.s. Björgvin Halldórsson, Milljónamæringana,

Eyjólf Kristjánsson, Pál Rósin-krans, Bjarna Arason, Stjórnina, Hljóma, Í svörtum fötum, Skítamóral, Írafár, Selmu Björnsdóttur, Friðrik Ómar, Sigríði Beinteinsdóttur, Margrétu Eir, Regínu Ósk og fleiri. Stefán lék Júdas í uppfærslu LR á rokkóperunni Súperstar 1995 og

árið 2003 var frumsaminn söngleikur Salarinnar, Sól og máni, settur upp í Borgarleikhúsinu.

Stefán hefur sex sinnum komið við sögu í Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva, ýmist sem flytjandi eða höfundur. Jafnhliða tónlistarstörfum hefur hann m.a. fengið við þýðingar fyrir kvikmyndir og sjónvarp og grafíska hönnun.

Stefán hefur setið í stjórn FTT, Félags tónskálda og textahöfundu, í stjórn menningarsjóðs FÍH, situr í fulltrúaráði STEFs og í stjórn Kvennaskólans í Reykjavík.

Stefán hefur tvívegis verið útnefndur söngvari ársins á Íslensku tónlistarverðlaununum og hefur hlotið sömu verðlaun sem höfundur. Árið 2008 var hann útnefndur heiðurslistamaður Kópavogs.

„Lífíð á heimilinu snýst auðvitað mikið um tónlist. Eldri sonurinn er einnig tónelskur og hefur músíserað frá unga aldri. Ég hef alltaf haft áhuga og fylgst vel með ýmsum íþróttum og æfði knattspyrnu og handbolta með Val á yngri árum. Þá höfum við hjónin stundað golf um árabil og höfum unun af því að fara á skíði með fjölskyldu og vinum.“

Fjölskylda

Eiginkona Stefáns er Anna Björk Birgisdóttir, f. 21.8. 1966, fyrrv. fjölmiðlakona, nú sjálfstætt starfandi. Foreldrar hennar eru Birgir Hermannsson, f. 8.12. 1940, viðskiptafræðingur í Reykjavík, og Elva Ólafsdóttir, f. 10.10. 1942, sjúkraliði.

Synir Stefáns og Önnu Bjarkar eru Birgir Steinn Stefánsson, f. 9.9. 1992, nemi, og Steingrímur Dagur Stefánsson, f. 22.5. 2004, nemi.

Hálfsystkini Stefáns, sammæðra, eru Sigurlaug Guðjónsdóttir, f. 30.7. 1967, sjúkraliði í Reykjavík, og Ægir Gauti Þorvaldsson, f. 2.12. 1975, kerfisfræðingur í Hafnarfirði.

Hálfsystkini Stefáns, samfeðra, eru Arna Kristín Hilmarisdóttir, f. 30.5. 1971, viðskiptafræðingur í Mosfellsbæ; Beglind Rut Hilmarisdóttir, f. 14.6. 1973, lögfræðingur í Kópavogi, og Katrín Dögg Hilmarisdóttir, f. 5.1. 1982, markaðsfræðingur í Mosfellsbæ.

Foreldrar Stefáns eru Hilmar Sigurðsson, f. 27.7. 1945, viðskiptafræðingur og endurskoðandi í Mosfellsbæ, og Guðrún Ægisdóttir, f. 11.3. 1944, kennari í Reykjavík.

Til hamingju með daginn

Laugardagur

95 ára
Anton Erlendsson
Áslaug Ásmundsdóttir

90 ára
Auður Bjarnadóttir
Helga Jóhannesdóttir

85 ára
Guðjón Már Valdimarsson
Lárus Magnússon
Margrét Björnsdóttir
Þorsteinn Jónsson

80 ára
Colleen Mary Pétursson
Ellert L. Jensson
Gísli Holgersson
Lárus Siggeirsson
Sigrún Steingrimsdóttir
Sæunn S. Sigurjónsdóttir

75 ára
Böðvar Árnason
Guðmundur Hallgrímsson
Hreinn Tómasson
Hörður Ólafsson
Sigurjón Kristjánsson
Valgerður Ebenesersdóttir

70 ára
Brynjólfur Karlsson
Elín Sigríður Ólafsdóttir
Freysteinn Jóhannsson
Guðrún Valgeirsdóttir
Jóhannes Bergur Helgason
Sigurlaug Ingimundardóttir
Stefán Björgvin Björnsson
Þórir Jónsson

60 ára
Baldvin Baldvinsson
Birgir Anton Ingimarsson
Egill Steinar Gíslason
Friðbjörgur Þorsteinsson
Guðný S. Þorgilsdóttir
Júlíus Helgi Jónsson
Kristín Hallgrímsdóttir
Óli Pétur Gunnarsson
Óskar Ágúst Ársælsson
Sigurðorm Haraldsson
Vigfús Kristinn Hjartarson
Örn Leó Guðmundsson

50 ára
Ásgeir Steindórsson
Guðjón Snær Steindórsson
Joanna Rudniak
Jón Þormar Pálsson
Karl Andrés Karlsson
Ólafur Kristinn Sigurðsson

Trausti Ísleifsson
Wanda Wojciechowska

40 ára
Bergmann Þór Kristjánsson
Birgir Már Guðmundsson
Edgar Júrison
Elsa R. Óskarsdóttir
Eva Björk Sveinsdóttir
Gerard Kubrzeniecki
Halþór Bogi Reynisson
Hildur Katrín Rafnsdóttir
Hreinn Pálsson
Kolbrún Tryggvadóttir
Magnús Jónsson
Óðinn Sæbjörnsson
Ólafur Hilmarsson
Snorri Rafn Sigmarsson

30 ára
Andri Valur Einarsson
Celia Lobsang Harrison
Guðlaug L. Jóhannsdóttir
Guðrún Helga Andrésdóttir
Haukur Ingi Ólafsson
Helga B. Kristjánsdóttir
Ívar Aron Hill Evarsson
Kamil Czarniecki
Kristján Birnir Ívansson
Magnús Berg Magnússon
Matthildur Yr Marteinisdóttir
Milana Basrak
Robert James Speagle
Sólveig Valdemarsdóttir
Thi Chang Pham
Unnie Arendrup Nielsen

Sunnudagur

85 ára
Jón Guðmundsson
Jón Gunnar Stefánsson
Steinnun Hjartar

80 ára
Dagbjartur Einarsson
Guðmundur M. Sigurðsson

75 ára
Hlödver Örn Vilhjálmsson
Kristín Hjördis Lindal
Kristín K. Þorgeirsdóttir
Sigríði Stella Ólafsdóttir
Steingrímur Ingi Björnsson
Stella Stefánsdóttir

70 ára
Guðmundur Pétursson
Hjördis Sigurðardóttir
Jónas Davíð Engilbertsson
Loftur P. Indriðason
Marý Sigurjónsdóttir

60 ára
George William Counts
Haraldur Arnfrjóð Árnason
Haukur Friðgeir Valtýsson
Hermann Beck
Ingimar Sigurðsson
Ivana Kubinová
Jane Marie Pind
Kristín Bragadóttir
Oddur Guðni Friðriksson
Sigurður Páll Óskarsson
Þuríður Einarisdóttir

50 ára
Anna Kristbjörg Reykdal
Björn Anton Jóhannsson
Brynja Þórarinsdóttir
Carmen Ortuno Gonzales
Deirdre Ann Gibbons
Hjalte Ragnarsson
Inga Jóna Gunnþórsdóttir
Ingibjörg Guðmundsdóttir
Jón Óskar Valdimarsson
Judith Ann Penrod
Kristín Ólafsdóttir
Stefán Hilmarsson
Steingrímur G. Pétursson
Viglundur Hjörtur Ákason

40 ára
Afife Baysal
Catherine Bergeron
Eyjólfur M. Kristinsson
Gísli Már Þórðarson
Hannes Frímánn Hrólfsson
Helga Svava Hauksdóttir
Kristín H. Halldórsdóttir
Rafal Jacek Domagala
Silvana Magalhaes Oliveira
Sveinn Th. Gunnarsson

30 ára
Andres E. Pelaez Palencia
Andri Jónsson
Dainius Bendikas
Elmar Garðarsson
Guðmundur Guðmundsson
Guðrún H. Kristjánsdóttir
Haukur Már Ólafsson
Hjálmar Örn Gunnarsson
Júnía Sigmundsdóttir
Jökull Andri Guðjónsson
Lukasz Polewaczuk
Marie Klith Harðardóttir
Myrra Ósp Gísladóttir
Ólafur Björn Magnússon
Rúnar Ólason
Sandra T. Árnadóttir
Skúli Matthías Ómarsson
Telma Bergmann
Árnadóttir
Ýmir Knútur Eiríksson
Þórður Björnsson

Merkir Íslendingar

Sigursteinn Gíslason



Sigursteinn Davíð Gíslason fæddist á Akranesi 25.6. 1968. Foreldrar hans eru Margrét Teitsdóttir, gift Guðlaugi Eiríkssyni, og Gísli Viglundsson.

Eftirlifandi eiginkona Sigursteins er Anna Elín Danielsdóttir en þau gengu í hjónaband 1994.

Börn Sigursteins og Önnu Elínar eru Sóley, f. 12.8. 1997, d. sama dag, Magnús Sveinn, f. 30.7. 1999, Unnur Elín, f. 7.11. 2004, og Teitur Leó, f. 24.4. 2006.

Sigursteinn og Anna Elín voru búsett á Akranesi til 1999 þar sem Sigursteinn var starfsmaður Akraneskaupstaðar í 11 ár. Þau fluttu til Reykjavíkur 1999.

Í Reykjavík var Sigursteinn fyrst starfsmaður TVG-Zimsen frá árinu 2000 og síðar hjá Eimskip þar sem hann starfaði til dánardags.

Sigursteinn var mikill afreksmaður í knattspyrnu og síðar knattspyrnuþjálfari. Hann lék með KR 1987, með meistaraflokki ÍA 1988-98, með Stoke City 1999 og aftur með KR 1999-2003. Hann var spílandi aðstoðarþjálfari hjá Víkingi árið 2004, þjálfari KR og síðan aðstoðarþjálfari KR 2005-2008 og þjálfari Leiknis í Breiðholti frá 2008.

Sigursteinn var afar vinsæll og vel látinn knattspyrnumaður, jafnt af samherjum, mótherjum og íþróttá-

fréttamönnum, og hvort heldur sem hann þjálfaði eða lék sjálfur með. Hann var einn allra sigursælasti knattspyrnumaður íslenskrar knattspyrnusögu, varð fimm sinnum Íslandsmeistari með ÍA 1992-96, og tvisvar bikarmeistari, og fjórum sinnum Íslandsmeistari með KR 1999-2003, og einu sinni bikarmeistari, og lék 22 landsleiki.

Sigursteinn greindist með krabbamein vorið 2011 og það sumar mættu þúsundir á Akranesvöll, á styrktarleik fyrir hann og fjölskyldu hans. Leikurinn bar yfirskriftina Meistaraleikur Steina Gísla, en þar mættust gamlar knattspyrnustjórnur úr ÍA og KR og var Sigursteinn hyltur innilega af stuðningsmönnum og leikmönnum.

Sigursteinn var sæmdur gullmerki KSÍ 2011.

Sigursteinn lést 16.1. 2012.

BLI A3 MFP Line of the Year: 2011, 2012, 2013, 2014

BLI Pro Award: 2013, 2014

KJARAN
Síðumúla 12 - 510 5520 - kjaran.is